

*Rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum*

**Stofnunarúttekt**  
**Landbúnaðarháskóli Íslands**  
**- Samantekt -**

Apríl 2023



## Inngangur

Þessi samantekt er byggð á skýrslu gæðaráðs íslenskra háskóla (gæðaráðs) um úttekt á Landbúnaðarháskóla Íslands sem var gefin út á ensku þann 24. apríl 2023<sup>1</sup>. Úttektin var framkvæmd af óháðum hópi sem var skipaður af gæðaráði og samanstóð af alþjóðlegum sérfræðingum í málefnum háskóla og einum fulltrúa íslenskra stúdenta.

Stofnunarúttektir eru einn þáttur í annarri lotu rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (e. *2<sup>nd</sup> Cycle of the Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education*) sem hófst árið 2017. Helstu þættir þeirrar rammaáætlunar eru:

- Stofnunarúttektir framkvæmdar af gæðaráði (e. *Quality Board-led Institution-Wide Reviews*);
- Sjálfsmat faglegra eininga, sem háskólarnir sjálfir framkvæma (e. *University-led Subject-Level Reviews*);
- Framvinduskýrslur (e. *Annual reports*) og áfangaskýrslur (e. *Mid-term Progress Reports*) frá háskólum í kjölfar stofnunarúttekta;
- Árlegir fundir háskóla og einstakra meðlima gæðaráðs;
- Vinnustofur og ráðstefnur;
- Sérstakar úttektir kostaðar af þriðja aðila.

Nánari upplýsingar um rammaáætlun er að finna á heimasíðu gæðaráðs íslenskra háskóla ([www.qef.is](http://www.qef.is)).

Dr. Andrée Sursock

Formaður gæðaráðs

Dr. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir

Framkvæmdastjóri gæðaráðs

---

<sup>1</sup> Skýrslan í heild sinni er birt á ensku á [https://qef.is/assets/16f58e9313/212A\\_AUI-IWR\\_for-publication\\_25.04.23.pdf](https://qef.is/assets/16f58e9313/212A_AUI-IWR_for-publication_25.04.23.pdf)

# Úttektarhópur

Úttektarhópurinn var skipaður eftirfarandi aðilum:

**Maria Knutsson Wedel.** Rektor, *Swedish University of Agricultural Sciences*, fyrrv. aðstoðarrektor kennslumála, *Chalmers University of Technology*.

**Pekka Auvinen.** Aðstoðarrektor kennslumála, staðgengill rektors, *Karelia University of Applied Sciences*

**Tatjana Volkova.** Formaður nefndar um gæði náms hjá *Academic Information Centre* í Lettlandi, meðlimur í *Swiss Accreditation Council*, fyrrv. rektor *BA School of Business and Finance* í Lettlandi.

**Sigtýr Ægir Kárason.** Stúdent við *Listaháskóla Íslands*.

## 1. Um úttektina

Stofnunarúttektir eru einn af meginþáttum rammaáætlunar um eflingu gæða í íslenskum háskólum (Quality Enhancement Framework for Icelandic Higher Education; QEF). Úttektarferlinu og markmiðum þess er lýst í heild sinni í annarri útgáfu handbókar gæðaráðs um rammaáætlunina, sem kom út árið 2017<sup>2</sup>. Þessi samantekt er byggð á skýrslu um stofnunarúttekt Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ).

Í aðdraganda heimsóknar úttektarhópsins skrifaði LBHÍ sjálfsmatsskýrslu, ásamt viðaukum, sem var send til gæðaráðs þann 9. september 2022. Úttektarhópurinn fór með kerfisbundnum hætti í gegnum þau gögn fyrir fundi hópsins með fulltrúum LBHÍ með hliðsjón af evrópskum viðmiðum um gæði í háskólastarfi frá 2015 (*Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area; ESG*). Formaður úttektarhópsins og sérfræðingur gæðaráðs unnu dagskrá funda í samráði við starfsfólk LBHÍ. Heimsókn úttektarhópsins fór fram 1.-3. nóvember 2022 og voru haldnir fjölmargir fundir með starfsfólki, nemendum, hagsmunaaðilum og meðlimum háskólaráðs LBHÍ.

Úttektarhópurinn þakkar LBHÍ, þar á meðal rektor, háskólaráði, gæðastjóra, starfsfólki og nemendum fyrir góðar viðtökur og þátttöku í fundunum.

---

<sup>2</sup> [www.gef.is/publications-and-resources/QEF2-Handbook-for-website.pdf](http://www.gef.is/publications-and-resources/QEF2-Handbook-for-website.pdf)

## 2. Samantekt niðurstaðna

### 2.1. Almenn samantekt, þ.m.t. samantekt á umgjörð rannsókna

Sjálfsmatsskýrsla háskólans var vel skrifuð og yfirgripsmikil og gaf úttektarhópnum góðan grunn til að undirbúa sig fyrir heimsóknina. Úttektarhópurinn þakkar starfsfólki, hagsmunaaðilum og nemendum fyrir að deila fúslega reynslu sinni og hugleiðingum á gagnsæjan hátt, en andrúmsloft þróunar og umbóta einkenndi heimsóknina. Fundir þessir gerðu hópnum kleift að öðlast skilning á stöðu gæðamála háskólans með gagnlegum raundæmum frá þátttakendum fundanna.

Fjölgun nemenda, efling rannsókna og alþjóðavæðing eru í skilningi úttektarhópsins lykilatriði í stefnu háskólans og hefur háskólinn nú þegar stigið nokkur skref í átt að þeim markmiðum. Landbúnaðarháskólinn hefur unnið að því að bregðast við tillögum til umbóta úr fyrri stofnunartúttektum, þótt enn eigi eftir að taka frekari skref í þá átt.

### 2.2. Samantekt á styrkleikum

- Stefna Landbúnaðarháskólans 2019-2024 er metnaðarfull og skýr. Stefnan hefur verið í stöðugri innleiðingu.
- Rannsóknir eru eitt af megináherslusviðum stefnunnar og hefur rannsóknastarfsemi verið eflid síðastliðin ár. Háskólinn stefnir að því að auka verulega rannsókna- og þróunarstarf sitt, þ.m.t. auka fjárframlög í gegnum samkeppnisjóði og styðja við starfsþróun í tengslum við sókn í samkeppnisjóði.
- Metnaður er lagður í gæðastjórnun háskólans og brugðist hefur verið við niðurstöðum úr fyrri stofnunarmatsskýrslum og sjálfsmatsskýrslum.
- Skrifstofa alþjóðasamskipta og rannsókna ásamt alþjóðanefnd sýna einstakan metnað og njóta trausts kennara og nemenda.
- Háskólanum tekst að vinna á jákvæðan hátt með smæð sína:

- Háskólinn hefur nýtt sér hlutverk sitt sem sjálfstæður háskóli með því að koma á fót vettvangi fyrir öflugt alþjóðlegt samstarf, t.d. með þátttöku í EUI UNIGreen, NOVA netinu, UArctic og EnCHIL, sem mun styðja við þróunarstarfs háskólans;
- Sveitarfélagið styður markmið og framtíðarsýn háskólans, sem á í virku samstarfi við sitt nærsamfélag;
- Háskólinn gegnir mikilvægu hlutverki fyrir íslenskan landbúnað, skógrækt, landnotkun og skipulagsmál. Hann hefur bent á þörf fyrir frekari áherslu og þróun á þessu sviði, sem er studd af stefnumótandi aðgerðum háskólans;
- Dæmi eru um góða starfshætti í samnýtingu fjármagns íslenskra háskóla.
- Samfélag Landbúnaðarháskólans er náið þar sem óformlegt samstarf er á milli stjórnenda, starfsfólks og nemenda. Starfsfólk, nemendur og hagsmunaaðilar hafa ástríðu fyrir sameiginlegri sýn stofnunarinnar, hlutverki hennar og málefnum nemenda.
- Nemendur eru hvattir til þess að taka virkan þátt í að skapa og þróa sitt lærdómsferli.

### 2.3. Samantekt á tækifærum til umbóta

- Í litlum háskóla sem þessum er mikilvægt að forgangsraða þróunaraðgerðum ásamt því að skrásetja ákvarðanir og miðla þeim á skýran hátt.
- Gæðakerfið er byggt á „Plan-Do-Check-Act“ gæðahring stöðugra umbóta. Mismunandi stig hringrásarinnar eru sýnileg í starfsemi háskólans, en skriflegir gæðaferlar eru ófullgerðir á innra neti og í gæðahandbók. Úttektarhópurinn hvetur háskólann til að viðhalda einfaldleika í gæðakerfinu og virkja kennara, nemendur og hagsmunaaðila á þeim stigum sem við á.
- Ósamræmi er í innleiðingu gæðaferla milli deilda. Ólík menning innan hvernar deildar fyrir sig, sem og skortur á aðgengilegum, skriflegum og formlegum ferlum fyrir stofnunina í heild, gæti útskýrt þetta ósamræmi. Þróun ferla ætti að byggja á sameiginlegum skilningi starfsfólks og þeim góðum starfsháttum sem nú þegar eru til staðar.

- Úttektarhópurinn hvetur stofnunina til að virkja kennara í gæðastarfi ásamt því að efla sameiginlegt eignarhald og meðvitund á gæðum í öllu starfi háskólans. Hér mætti nefna mikilvægi þátttöku kennara í nefndastörfum.
- Efla þarf menningu um tvítyngi samfara stefnumótun háskólans um alþjóðavæðingu, og auka aðgengi að öllum nauðsynlegum upplýsingum á ensku jafnt sem íslensku.
- Í tengslum við umgjörð rannsókna leggur úttektarhópurinn áherslu á eftirfarandi atriði:
  - Í samræmi við stefnu háskólans er rannsóknastarfsemi í örum vexti. Umfang rannsóknastarfseminnar dreifist hins vegar ójafnt milli deilda.
  - Gagnlegt væri fyrir háskólann að skilgreina eigindlega árangursvísa sem hluta af rannsóknastefnu stofnunarinnar, til viðbótar við þá meiginlegu árangursvísa sem fyrir eru. Áhugasvið einstakra vísindamanna sem og framboð á utanaðkomandi fjármagni stýra rannsóknastarfi háskólans. Augljós þörf er á að þróa skýra rannsóknastefnu fyrir stofnunina í heild, frekar en hverja deild fyrir sig. Sú stefna þarf gera ráð fyrir þörfum samfélagsins í nútíð og framtíð. Til að ná árangri þarf slík stefna að taka til greina styrkleika og áhugasvið akademíks starfsfólks, ásamt tækifærum til þverfaglegra rannsókna og alþjóðlegs samstarfs.
  - Stofnunin þarf að innleiða kerfisbundið mat á áhrifum rannsókna á nærsamfélagið, og miðla og fylgja eftir niðurstöðum þess. Úttektarhópurinn vill hvetja háskólann til að þróa mælikvarða um mat á áhrifum rannsókna í takt við þá þróun sem nú á sér stað á alþjóðavettvangi.

#### 2.4. Traustsyfirlýsing um gæði gráða

*Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Landbúnaðarháskóla Íslands til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veitir, í nútíð og til nánustu framtíðar.*

#### 2.5. Traustsyfirlýsing um gæði námsumhverfis

*Úttektarhópurinn ber traust til starfshátta og getu Landbúnaðarháskóla Íslands til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum, í nútíð og til nánustu framtíðar.*